



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Stykkishólmsbær  
Kristín Þorleifsdóttir  
Hafnargötu 3  
340Stykkishólmur

Stykkishólmur, 21. ágúst 2022  
MÍ202208-0055/ 6.10 / M.A.S.

### **Efni: Stykkishólmsbær. Byggingarleyfi til að byggja atvinnuhúsæði að Nesvegi 22a.**

Með tölvupósti dagsettum 18. ágúst 2022 óskaði Kristín Þorleifsdóttir, skipulagsfulltrúi Stykkishólmsbæjar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um byggingarleyfi til að byggja atvinnuhúsæði að Nesvegi 22a. Asco Harvester ehf. hyggst byggja 958,9m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði að Nesvegi 22a, þar sem áður stóð steypustöð. Um er að ræða hús á þremur hæðum með milliloftum yfir hluta hússins. Lóðin er 3700 m<sup>2</sup>, grunnflötur hússins er 828,2 m<sup>2</sup> og hæð þess 10 m.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir: *Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.* Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir Stykkishólm af Ágústi Ólafi Georgssyni, á vegum Þjóðminjasafns Íslands (Ágúst Georgsson. *Fornleifaskráning í Stykkishólmi.* Þjóðminjasafn Íslands 1985) og taldist nægileg þá. Minjastofnun Íslands setti hinsvegar fram nýja staðla fyrir fornleifaskráningu 2012 og varð notkun þeirra lögbundinn 1. janúar 2013. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan friðhelgunarsvæðis friðlýstra minja á Búðanesi. Undirritaður skoðaði svæðið á vettvangi. Engar fornleifar voru sjáanlegar innan skipulagssvæðisins og friðlýstar minjar í Búðanesi virðast ekki í hættu þar sem byggingarreiturinn er innan þegar raskaðs svæðis.

Minjavörður Vesturlands hefur farið yfir tillöguna og gerir ekki athugasemdir við leyfið eins og það er lagt fram en vill þó minna á ákvæði 21. greinar laga um menningarminjar nr. 80/2012, en þar segir:

*Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands....*

**Magnús A Sigurðsson**  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúa [skipulag@stykkisholmur.is](mailto:skipulag@stykkisholmur.is)

Skipulagsstofnun [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.